

Stjórnarfundur í Þyt 28. ágúst 2017

Mættir: Pétur, Sindri, Jóhann, Árni Geir og Árni Þór

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Formaður lagði fram hugmyndir um stækkun athafnasvæðis klúbbsins. Samþykkt að halda áfram með hugmyndir formanns sem framtíðarsýn varðandi nýtingu svæðisins.
3. Formaður ræddi upplausnarástand sem skapaðist á lokamóti kæna. Sindri fór yfir gang mála varðandi afleiðingar þess að vindur jókst til muna og ómarkviss viðbrögð mótshaldara. Ljóst er að fjöldi gæslubáta hafi verið ófullnægjandi við þær aðstæður sem sköpuðust. Málið er í athugun hjá SÍL.
4. Haustdagskrá: Formaður fer fram á að setja auglýsingu um hauststarf klúbbsins í bæjarblöð og var það samþykkt. Greindi frá hversu vel til tókst með starfið sl fimmtudag. Ræddi gjaldtöku. Málið rætt og ákveðið að sett yrði upp mánaðargjald fyrir þátttöku í hauststarfi sem verði 10.000 kr. á mánuði.
5. Formaður greindi frá að steypa þurfi steina til að halda niðri kænum á útisvæði.
6. Formaður greindi frá áformum um að eiga fund með kayakmönnum. Jóhann bar upp fyrirspurn um hvað geymslan ráði við marga kayaka. Svar: 20 kayakar lengri en 3m fyrir kayakmenn sem þurfa aðgang að bátum sínum allan ársins hring.
7. Formaður greindi frá að vinna við hillur gangi vel og muni ljúka bráðlega. Gera verður ráð fyrir kaupum á plötum í hillurnar.
8. Formaður greindi frá að hann væri langt kominn með að gera form til að halda utan um viðhald á bátum félagsins. Gera þarf kostnaðaráætlun um búnað sem vantar í Lazer bátana til að þeir nýtist í starfinu. Gera þarf alla Topper og Lazer bátana klára í haust og vetur. Einnig þarf að yfirfara kerrur og laga það sem þarf. Það vantar fleiri kerrur fyrir Optimist báta. Einnig að kjölur er kominn undir Wayfarer bát.
9. Rædd húsbúnaðarmál og hversu mörg borð salurinn taki.
10. Sindri greindi frá að hann væri búinn að fá tíma á verkstæði til yfirhalningar gæslubátanna og verð í verkin.
11. Formaður lagði fram og fór yfir drög að verklýsingu og samningi um ræstingar í klúbbhúsi. Tilboð frá ræstingarfyrtækinu Morgundögg samþykkt.
12. Formaður bað stjórnarmenn um að íhuga endurnýjun hluta björgunarvesta í eigu klúbbsins.
13. Síðan fór hluti stjórnar til að skoða borð sem hugsanlega gætu nýst í sal. Þegar til kom voru þau uppseld en önnur sending kemur bráðlega.

Ekki meira gert og fundi slitið.